




Framkvæmda- fréttir

2. tbl. / 16



Tölvugerð mynd af nýrri þverun yfir Berufjarðarbotn.

Hringvegur um Berufjarðarbotn

Áður birt á vegagerdin.is 22.01.2016

Stefnt er að því að bjóða út vegagerð um Berufjarðarbotn á þessu ári en þungi framkvæmda yrði þá árin 2017 og 2018. Þetta er skilyrt því að fé fái til framkvæmdanna. Í verkinu felst smíði nýrrar brúar auk vegagerðar. Að þessari vegagerð lokinni verður unnt að aka hringinn í kringum Ísland á bundnu slitlagi, þó ekki á Hringveginum sjálfum heldur með því að fara fjarðaleiðina á Austfjörðum.

Útboðsvefur.is - Opinber útboð

Vegagerðin auglýsir útboð sín á vefsíðunum Útboðsvefur.is og vegagerdin.is en ekki í þessu blaði. Verktakar eru minntir á að fylgjast vel með auglýsingum.

Lýsing á verkinu:

Fyrirhuguð vegagerð fyrir Berufjarðarbotn er 4,9 km löng með 50 m langri nýrri brú og auk þess 1,6 km af nýjum heimreiðum.

Verkið felst í meginatriðum í eftirfarandi:

- Gerð nýs Hringvegar á 2,9 km löngum kafla norðan við og innst í Berufirði neðan við bæina Hvannabrekku og Berufjörð. Hluti þess kafla, 0,5 km langur, liggur um leirur og verður umflotinn sjó og er dýpsti állin þar um 5 m djúpur.
- Endurgerð Hringvegar á 2,0 km löngum kafla sunnan fjarðarins.
- Gerð 1,6 km langra héraðsvega, sem verða heimreiðar að bæjunum Hvannabrekku og Berufirði.
- Smíði nýrrar brúar á leirunum yfir Berufjarðará og sjávarföll, sem verður 50 m löng steipt eftirspennt bitabréu ▶

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 2. tbl. 24. árg. nr. 659 1. febrúar 2016

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
askrift@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra lesenda. Blaðið kemur út einu sinni í mánuði að jafnaði. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

Loftmynd: Loftmyndir ehf.


- ▶ í tveimur 25 m löngum höfum. Hún verður með 9,0 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum bríkum. Heildarbreidd brúarinnar er 10,0 m

Hringvegur verður lagður samkvæmt vegtegund C8 og verður því 8 m breiður og héraðsvegirnir verða 4 m breiðir samkvæmt vegtegund C4.

Hinn nýi vegarkafli, sem liggur yfir leirurnar, mun tengjast núverandi Hringvegi og Axarvegi með T-vegamótum, þannig að endurgerður Hringvegur sunnan fjarðar og Axarvegur eru tengdir beint..

Jarðefnaþörfin er áætluð um 255 þúsund rúmmetrar og þar af koma um 35 þúsund rúmmetrar úr skeringum verksins. Margar námur með nothæfu efni eru í boði á svæðinu.

Umhverfisáhrif verksins hafa verið metin og umferðaröryggi rýnt. ■



Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda 25. janúar 2016. Búið er að sprengja samtals 4.708 m sem er 65 % af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.206 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.vadlaheidi.is

Reykjanes, sjóvarnir 2015
Sandgerði, sjóvörn við Norðurkotstjörn



Opnun útboða

Reykjanes, sjóvarnir 2015 15-090
Tilboð opnuð 12. janúar 2016. Sjóvarnir á nokkrum köflum í Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Garði. Bæði er um að ræða nýjar varnir og endurbyggingu á eldri vörnum. Helstu magnbólur:
Útlögn grjóts og kjarna 9.000 m³
Endurröðun grjóts 3.500 m³
Verkinu skal lokið eigi síðar en 15. september 2016.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík	44.129.810	116,8	7.308
--- Áætlaður verktakakostnaður	37.797.600	100,0	976
1 Ellert Skúlason ehf., Reykjanesbæ	36.821.550	97,4	



Sauðárkrókur, skjólgarður við smábátahöfn 15-089
Tilboð opnuð 12. janúar 2016. Sveitarfélagið Skagafjörður óskaði eftir tilboðum í um 130 m langan skjólgarð við smábátahöfn á Sauðárkróki. Helstu magnbólur:
Flokkað grjót, sprengdur kjarni og fyllingarefni 12.000 m³
Verkinu skal lokið eigi síðar en 15. maí 2016.


nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 Steypustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki	43.967.600	134,4	18.987
--- Áætlaður verktakakostnaður	32.708.300	100,0	7.728
2 Norðurtak ehf., Sauðárkróki	27.806.000	85,0	2.825
1 Vélapjónustan Messuholti ehf., Sauðárkróki	24.980.680	76,4	0



Sauðárkrókur, skjólgarður við smábátahöfn
sjá opnun útboða

Reykjanes, sjóvarnir 2015
Sandgerði, sjóvörn við Norðurkotstjörn
snið





Námskeið í merkingu vinnusvæða hjá Opna háskólanum í HR, 11. og 12. febrúar

Merking vinnusvæða er 16 klst. námskeið fyrir verkkaupa, hönnuði og eftirlitsmenn sem á einn eða annan hátt koma að undirbúningi og framkvæmd veg- og gatnagerðarmannvirkja.

Árið 2009 kom út reglugerð nr. 492/2009 með stöð í umferðarlögum um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við vegi. Þar var m.a. kveðið á um að Vegagerðinni væri falið að skrifa nánari reglur um útfærslu og framkvæmd vinnusvæðamerkinga. Í reglunum eru strangar kröfur um þekkingu og réttindi þeirra sem koma að þessum málum. Þar kemur fram að allir sem koma að þessum málum frá Vegagerðinni og Reykjavíkurborg og þeir verktakar, hönnuðir og eftirlitsmenn sem tengjast verkefnum á þeirra vegum þurfa að hafa sótt námskeiðið „Merking vinnusvæða“ og lokið prófi eins og gerðar eru kröfur um í umræddum reglum.

Námskeiðslýsing:

Á námskeiðinu verður farið yfir eftirfarandi efnisþætti:

1. Lög og reglugerðir, flokkun vega og gatna, umferðarmerki, flokkun og tegundir, umferðarstjórn.
2. Vinnusvæðið, umgengisreglur, framkvæmd, ábyrgð og eftirlit.
3. Rammareglur um merkingar vinnusvæðis/ framkvæmdasvæðis.
4. Varnar- og merkingarbúnaður, ljósabúnaður, merkjavagnar, vinnutæki og öryggisbúnaður.
5. Lagnavinna o.fl., leyfis skyldar framkvæmdir á vegsvæðum.
6. Vinnustaðamerkingar á tveggja til sex akreina vegum og við staðbundna/hreyfanlega vinnu.
7. Magntaka, kostnaðaráætlanir, gæðaúttektir og féviti.

Í lok námskeiðs þreyta þátttakendur próf til réttinda.

Markmið:

Markmið námskeiðsins er að kenna nemendum hönnun og útfærslu á merkingu fyrir almenna umferð í dreifbýli og þéttbýli vegna framkvæmda, þannig að merkingar þessar séu samræmdar, bæði gagnvart starfsmönnum á vinnustað og vegfarendum.

Fyrir hverja?

Námskeiðið er ætlað þeim verkkaupum, hönnuðum, verktökum og eftirlitsmönnum sem á einn eða annan hátt koma að undirbúningi og framkvæmd veg- og gatnagerðarmannvirkja svo og öðrum þeim stofnunum og fyrirtækjum sem vinna að framkvæmdum á eða við vegsvæði.

Leiðbeinendur:

Leiðbeinendur námskeiðsins eru Björn Ólafsson og Ingvi Árnason stjórnendur hjá Vegagerðinni og stundakennarar við tækni- og verkfræðideild HR. Jóhann Christiansen kennir einnig 2 klukkustundir á námskeiðinu.

Kennslufyrirkomulag:

Staður: Námskeiðið verður haldið í Opna háskólanum í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1, 101 Reykjavík.

Stund: Kennsla fer fram fimmtudaginn 11. febrúar og föstudaginn 12. febrúar 2016 milli kl. 8:30 og 16:30.

Lengd: Námskeiðið er samtals 16 klukkustundir (2x8 klst.).

Verð: 79.000,- kr. (Innifalið í námskeiðsgjaldi er morgunkaffi, hádegisverður og síðdegiskaffi báða dagana)

Nánari upplýsingar veitir:

Lýdía Huld Grímsdóttir
verkefnastjóri Opna háskólans í HR
Sími: 599 6348
Tölvupóstur: lydiahuld@ru.is

Skráning fer fram í gegnum heimasíðu námskeiðsins:
<http://www.ru.is/opnihaskolinn/merking-vinnusvæða>



OPNA HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK



Víðidalsá hjá Hvarfi, vestan ár, séð í suðaustur, árið 1955. Þór Magnússon fv. þjóðminjavörður þekkir nöfn á þremur mönnum sem eru á þessari mynd (símtal við ritstj. 27.02.98) : Nr. 2. frá hægri Skúli Magnússon vegaverkstjóri, nr. 5. frá hægri Njáll Guðmundsson frá Stóru-Ásgeirsá í Víðidal, nr. 6. frá hægri Heiðar Þórhallsson frá Hvammstanga. Líklega hefur vegurinn upphaflega verið lagður í þetta vegstæði en síðar verið ferdur neðar og gamli vegurinn þá afmáður. Eldri myndin er úr safni Jóns. J. Víðis en yngri myndin var tekin í ágúst 2014.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða á Útboðsvefur.is sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaeldar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
16-011 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2016, malbik	2016
16-010 Yfirlagnir á Suðursvæði 2016, malbik	2016
16-009 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2016, malbik	2016
16-013 Laxárdalsvegur (59), Þrándargil - Gröf	2016
16-016 Vetrarþjónusta, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri 2016-2019	2016
16-015 Vetrarþjónusta í Barðastrandarsýslum 2016-2019	2016
16-014 Örlýgshafnarvegur (612), Skápadalur - flugvöllur	2016
16-012 Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir á Suðursvæði og Norðursvæði 2016	2016
16-007 Yfirlagnir á Vestursvæði 2016, klæðing	2016
16-008 Yfirlagnir á Norðursvæði og Vestursvæði 2016, blettanir með klæðingu	2016
16-004 Yfirlagnir á Austursvæði 2016, klæðing og blettanir	2016
16-006 Yfirlagnir á Vestursvæði 2016, klæðing	2016
16-005 Yfirlagnir á Norðursvæði 2016, klæðing	2016

Fyrirhuguð útboð, framh.	Auglýst:	Opnað:
15-085 Norðfjarðargöng: Stjórnkerfi		2016
15-056 Álftanes, sjóvörn 2015		2016
15-053 Harðiður 2015		2016
15-050 Landeyjahöfn, dælulögn og dæla,		2016
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013		2016
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
16-003 Akureyri - Oddeyrarbyggja, þekja	18.01.16	02.02.16
16-002 Akureyri, flotbyggja í Hofsbót	18.01.16	02.02.16
15-001 Akureyri - Hofsbót, breytingar á smábáthöfn	18.01.16	02.02.16
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
15-089 Sauðárkrókur, skjólgarður við smábáthöfn	21.12.15	12.01.16
15-090 Reykjanes, sjóvarnir 2015	21.12.15	12.01.16
15-054 Húsavík, Bökugarður, lenging stálþils	23.11.15	08.12.15
15-068 Leiga á íbúðarhúsi á Stórhöfða, Vestmannaeyjum	26.06.15	14.07.15
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
Ekki hefur verið lokið við neina samninga frá því síðasta tölublað kom út		



Framkvæmdir við hafnabætur á Húsavík 12. janúar 2016.